

80 að farið sem fyrir er mælt í 104. gr., að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit
7. sept. hennar, sem kjörstjórn hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist fram- hjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna eftir því, sem við á.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkv. 85. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegi.

Við kosningar þessar skal hvergi á landinu hefja talningu atkvæða fyrr en kosningu er alls staðar lokið.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfum um stofnun nýrra kjördeilda samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrr en 3 vikum á undan kosningum, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hreppa eða hreppshluta, sem skipt hefur verið.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

RÍKISSTJÓRABRÉF

um almennar kosningar til Alþingis.

81

7. sept.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt stjórnarskipunarlögum 1. sept. 1942, um breytingu á stjórnarskrá konugsríkisins Íslands, 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934, ber að láta almennar alþingiskosningar fara fram.

Því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skul fara fram sem hér segir:

Í kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsþings, sunnudaginn 18. október n. k.

Annars staðar sunnudaginn 18. október og mánudaginn 19. október n. k.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.